



# Gísli Sigurðsson

---

Bjarni Benediktsson – Gísli Sigurðsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-8, Örk 8


©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hr.

borgarstjóri Bjarni Benediktsson og frú

Eiríksgötu 19

Reykjavík.



Þér hafið, herra póstmeistari, lagt mér fyrir að gefa skýrslu viðvíkjandi seinum skilum bréfs til hr. borgarstjóra Bjarna Benediktssonar, Eiríksgötu 19, og fylgir hún hér á eftir:

Hinn 8. þ. m. eftir að bréfberar voru farnir í síðdegis póstferð kom hér í pósthúsið skrifstofustúlka hr. Sigurgeirs Sigurjónssonar lögfræðings með allmörg bréf og skýrði mér frá að í þeim væru boðskort, sem áriðandi væri að kæmust til skila í póstútburði næsta dags. Eg tjáði henni að útburður mundi ganga fremur seint vegna mikils póstmagns, sem fyrir lægi, veikindaforfalla bréfbera og örðugleika á að fá menn í vinnu.

Morguninn 9. þ. m. voru bréfin svo aðgreind til útburðar og uppröðunar í pósthólf. Við Guðjón Eiríksson unnum að þessu og veittum bréfinu tíð borgarstjóra athygli. Kom okkur saman um, að þar sem svo mikið lægi fyrir til útburðar og bréfberinn í umdæmi því, sem heimili borgarstjóra heyrir til væri veikur, mundi bréfið komast fyrir til skila ef það væri látið í pósthólf bæjarskrifstofanna (nr. 147). Létum við bréf borgarstjórans efst í bréfabunkann svo að það yrði fyrst látið í hólf. Stuttu síðar voru öll boðsbréfin komin í hólf og útburð.

Morguninn eftir var bréfið til borgarstjórans aftur komið í póst og lét eg það nú fara í útburðinn en láðist að dagatimpla það á ný eða að gera um það athugasemd á bréfið.

Þess skal getið að bréf til borgarstjórans, sem ákvörðuð eru á heimili hans, eru jafnan tekin í póstútburð og að vikið var frá þeirri reglu í þetta sinn, var gert í þeim tilgangi að flýta fyrir skilunum, miðað við þær ástæður, sem fyrir hendi voru.

Reykjavík, 15/7 1946.

*Gísli Sigurðsson*

Til

póstmeistara.

16/7  
30 1946